



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. nóvember 2019

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun efnahagslegra hvata til að efla ræktun orkujurta á Íslandi, 44. mál


Tilv. 201910-0023

Bændasamtökin eru fylgjandi því að skipaður verði starfshópur til að móta aðgerðaáætlun til að styrkja forsendur fyrir ræktun orkujurtanna repju og nepju hérlendis í því skyni að framleiða lífelfsneyti sem nýtt yrði í stað jarðefnaeldsneytis. Þar á meðal yrði skoðað hvort að til gætu komið hagrænir hvatar til bænda í því skyni að efla slíka ræktun og uppbyggingu nauðsynlegra innviða sem þurfa að fylgja slíkri ræktun.

Aðgerðaáætlunin verði í samræmi við stefnumörkun um innlenda umhverfissvæna orkugjafa í þingsályktun nr. 11/149 um samgönguáætlun fyrir árin 2019–2033 og þingsályktun nr. 10/149 um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019–2023.

Athygli nefndarinnar er vakin á því að um jarðræktarstyrki til bænda er kveðið á í rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins en endurskoðun hans sem átti að fara fram á árinu 2019 er ólokið.

Bændasamtökin minna á nauðsyn þess að aðgerðaáætlun sem út úr þessu starfi kemur sé fjármögnuð og taka jafnframt undir það sem fram kemur í umsögn Landgræðslunnar um alvarlega stöðu jarðræktarrannsókna í landinu.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrímsdóttir